

SIÐFRÆÐI

Í þessu námskeiði kynnast nemendur nútíma siðfræði, sögu hennar og nokkrum helstu viðfangsefnum. Byrjað er á umfjöllun um viðfangsefni siðfræðinnar og um leið hvort hægt sé að komast að réttum eða einhlítum niðurstöðum í siðfræði. Í framhaldi af því er farið yfir helstu kenningar siðfræðinnar þannig að nemendur séu færir um að beita þeim við úrlausn siðferðilegra spurninga og vandamála. Síðustu fjórum vikunum er varið til þess að ræða nokkur algeng deiluefni í samtímanum og um leið þjálfast nemendur í að greina þau og fjalla um þau frá sjónarhorni siðfræðinnar.

NÁMSMARKMIÐ	BÆKUR	FYRIRKOMULAG	NÁMSMAT
Góð þekking á sögu og helstu vandamálum siðfræðinnar.	James Rachels, Stefnur og straumar í siðfræði (SSS) Barbara McKinnon, Ethics Theory and Contemporary Issues (ETCI)	Hópurinn hittist á þriðjudagsmorgnum frá 8.00 til 12.30. Nánara fyrirkomulag kennslu, umræðna og verkefnavinnu kynnt í upphafi námskeiðs.	Nemendur skila vikulegum verkefnum (munnlegum og skriflegum) en einkunnir fyrir þau gilda 60% af lokaekinnunni (miðað við 8 bestu). Skriflegt gagnalaust lokapróf gildir 40%.
Hæfni til að beita kenningum siðfræðinnar.	Immanuel Kant, Grundvöllur að frumspeki siðlegrar breyttni (GFSB) John Stuart Mill, Nytjastefnan (N)		
Skilningur á helstu spurningum samtímasiðfræði.	Nemendur í HHS eru einnig hvattir til að verða sér úti um Siðfræði Nikomakkosar (Aristóteles) og Ríkið (Platon) Ítarefni lagt fyrir eftir efnum og aðstæðum		

TÍMI OG SKIL	EFNI DAGSINS	LESEFNI OG ANNAÐ NÁMSEFNI	VERKEFNI
1. vika, 7. september 2009; Siðfræði, siðferðileg rök, siðaboð, gildi og gildismat.	Í tímanum verður fjallað um siðfræði almennt og reynt að svara spurningunni um hvað felist í henni. Rætt verður um siðferði og siðferðileg álitamál og með hvaða hætti hægt sé að svara þeim. Hverskonar rök er hægt að færa fyrir siðferðilegum niðurstöðum? Eru til einhlít svör við siðferðilegum spurningum?	(ETCI) bls. 1-13 (SSS) bls.15-31	Hópverkefni , unnið í tímanum. Hóparnir fá hver eina siðferðilega spurningu til að takast á við. Þeir eiga að komast að rökstuddri niðurstöðu, eða ef það reynist ókleift, útskýra hversvegna. Hóparnir kynna niðurstöður sínar og ræða þær í lok tímans. Hver nemandi skrifar einnig stutta hugleiðingu (200 orð) í vinnudagbók. Skil á námsskjá kl. 13.00
2. vika, 14. september 2009; Siðferðileg afstæðishyggja	Er siðferði afstætt og ef svo er, hvað þýðir það þá? Mörgum finnst að sú staðreynd að skiptar skoðanir eru oft um siðferðileg efni hljóti að þýða að hugtökin „rétt“ og „rangt“ vísi einungis til persónulegra viðhorfa sem gætu verið jafn misjöfn og smekkur. Siðfræðingar reyna hinsvegar oftast að sýna fram á að siðferði sé ekki afstætt, enda mætti halda því fram að siðfræði væri þá lítils megnug.	(ETCI) bls. 14-21 (SSS) bls. 32-49 Moral Relativism (plato.stanford.edu) Gilbert Harman (1975) Moral Relativism Defended	Paraverkefni , unnið í tímanum. Nemendur greina inntak hugmyndarinnar um að siðferði sé afstætt með tilliti til dæma sem úthlutað er í tíma. Skil á námsskjá kl. 13.00

TÍMI OG SKIL	EFNI DAGSINS	LESEFNI OG ANNAÐ NÁMSEFNI	VERKEFNI
3. vika, 21. september 2009; Sérhyggja og samhyggja	Það er algeng skoðun að fólk sé í eðli sínu egóistar, það er að segja allar ákvarðanir manns miði að því að auka eigin hag frekar en að styðja aðra. Er þessi skoðun rétt? Hvaða afleiðingar hefur það í för með sér ef svo er?	(ETC) bls. 22-29 (SSS) bls. 90-125 Egoism (plato.stanford.edu)	Verkefni vikunnar er krossapróf tekið í upphafi verkefnatíma. Í tímanum eftir það verður tekist á um þá grundvallarspurningu hvort fólk sé í eðli sínu sjálfselfskt og allar athafnir þess því í eigin þágu, eða hvort sum verk séu unnin eingöngu í þágu annarra. Nemendur skipta sér í tvær fylkingar sem rökræða um þetta í mælskukeppniformi.
4. vika, 28. september 2009; Nytjastefna	Nytjastefna byggir á einfaldri en mjög öflugri forsendu: Að æðsti siðferðilegi mælikvarði athafna sé afleiðingar þeirra, nánar tiltekið að hve miklu leyti þær auki ánægju eða velsæld. Í tímanum verður fjallað um hvert þessi regla leiðir okkur. Einnig verður athyglinni beint að því hvernig nytjastefna birtist í persónulegum og opinberum ákvörðunum.	(ETC) bls. 30-43 (SSS) bls. 125-138 (N) bls. 91-137 The History of Utilitarianism (plato.stanford.edu)	Einstaklingsverkefni , undirbúið í verkefnatíma og skilað sama dag, ca 1000 orð. Skil á námsskjá 23.00
5. vika, 5. október Skyldusiðfræði	Ein áhrifamesta kenning siðfræðinnar segir að grundvöll siðferðisins sé að finna í skyldum okkar við sjálf okkur, annað fólk og jafnvel mannkynið í heild sinni. Þýski heimspekingurinn Immanuel Kant er sá höfundur sem þekktastur er fyrir siðfræði af þessu tagi og heimspeki hans má segja að sé fyrirmynd allrar skyldusiðfræði nú á tímum.	(ETC) bls. 44-54 (SSS) bls. 157-169 GFSB bls. 89-117	Hópverkefni unnið í tímanum. Í verkefnatímanum verður farið vandlega í textadæmi úr riti Kants Grundvöllur að frumspeki siðlegrar breytni og þau greind. Hóparnir skýra textabrotin hver fyrir öðrum. Hver og einn skrifar auk þess stutta hugleiðingu og skilar sérstaklega (200 orð). Skil á námsskjá kl. 13.00
6. vika, 12. október 2009; Náttúrlög og náttúruleg réttur	Eiga lög eða reglur sér grundvöll í náttúrunni eða jafnvel tilveru Guðs? Í vestrænni heimspeki á hugmyndin um náttúruleg djúpar rætur. Hún byggir á því að heimurinn lúti reglum sem engin lög eða „mannasetningar“ geti skákað. Þannig hljóti til dæmis öll lagasetning að byggja á slíkum siðferðilegum grundvelli.	(ETC) bls. 55-62 Natural law Tradition in Ethics (plato.stanford.edu)	Verkefni vikunnar er krossapróf tekið í upphafi verkefnatíma. Í verkefnatímanum er undirbúin ráðstefna um efnið. Hópar skipta með sér efnunum og velja hver um sig einn frummælanda.
7. vika, 19. október 2009; Dygdasiðfræði	Siðferði ræðst vissulega af reglum að einhverju leyti. En með því að einblína á reglur og viðmið virðumst við stundum missa af aðalatriði siðferðisins, gildum og gildismati og hvernig algengast og eðlilegast er að hugsa um sjálfan sig og breytni sína. Í þessum tíma veltum við fyrir okkur dygdasiðfræði sem einkennir heimspeki fornaldarinnar en hefur á síðustu árum verið endurvakin innan heimspekinnar.	(ETC) bls. 63-69 (SSS) bls. 209-234 Virtue Ethics (plato.stanford.edu)	Ráðstefna . 7 nemendur sem valdir voru í vikunni áður halda fyrirlestra um þau efni sem hóp þeirra var úthlutað. Þeir skila svo fyrirlestrunum á námsskjá. Aðrir nemendur bregðast við fyrirlestrunum (gagnrýna þá) í stuttri hugleiðingu á námsskjá (500 orð). Skil á námsskjá kl. 23.00
8. vika, 26. október 2009 Siðfræði í daglegu lífi: Refsingar	Refsingar eru það form ofbeldis sem margir telja óhjákvæmilegt í hverju samfélagi. En hvernig er hægt að réttlæta refsingar? Er þær skipulögð hefnd eða makleg málagjöld? Er eðlilegast að hugsa til fælingaráhrifa þeirra, eða áhrifanna sem þau hafa á þann sem refsingunni er beittur?	(ETC) bls. 169-184 Punishment (plato.stanford.edu)	Paraverkefni , unnið í tíma. Í verkefnatíma er horft á kvikmyndina In the land of the Free (Vadim Jean 2010). Nemendur bregðast við myndinni og skila stuttri hugleiðingu (500 orð) á námsskjá þar sem leitast er við að greina siðferðisspurningar sem myndin veltir upp og leggja drög að svörum við þeim. Skil á námsskjá kl. 13.00
9. vika, 2. nóvember 2009 Siðfræði í daglegu lífi: Efnahagslegt réttlæti	Dreifing gæðanna. Réttlæti í samfélagi birtist að miklu leyti í skiptingu gæða. Hvaða skipting er réttlát, hvernig á hið opinbera að hafa áhrif á þessa dreifingu og hvernig getur það haft áhrif á hana? Er öll endurdreifing gæða á einhvern hátt aðför að einstaklingsfrelsi?	(ETC) bls. 154-168 Distributive Justice (plato.stanford.edu)	Einstaklingsverkefni , undirbúið í verkefnatíma og skilað sama dag, ca 1000 orð. Skil á námsskjá 23.00

TÍMI OG SKIL	EFNI DAGSINS	LESEFNI OG ANNAÐ NÁMSEFNI	VERKEFNI
10. vika, 9. nóvember 2009 Siðfræði í daglegu lífi: Klám	Klám hefur síðustu áratugi verið tilefni umræðna um mörk tjáningarfrelsis/skoðanfrelsis annarsveggar og félagsleg áhrif og afleiðingar hinsveggar. Við munum nýta kenningar siðfræðinnar til að ræða um klám og hugsanlegar réttlætningar á að banna klám og banna það ekki.	(ETCI) bls. 122-132 Pornography and Censorship (plato.stanford.edu)	Hópverkefni , unnið í tímanum. Hóparnir fá hver eina siðferðilega spurningu tengda umræðu um klám til að takast á við. Þeir eiga að komast að rökstuddri niðurstöðu, eða ef það reynist ókleift, útskýra hversvegna. Hóparnir kynna niðurstöður sínar og ræða þær í lok tímans. Hver nemandi skrifar einnig stutta hugleiðingu (200 orð) í vinnudagbók. Skil á námsskjá kl. 13.00
11. vika, 16. nóvember 2009 Siðfræði í daglegu lífi: Ofbeldi, hryðjuverk, stríð	Hugmyndin um réttlátt stríð felur í sér þá hugmynd að stríðsrekstur geti undir vissum kringumstæðum verið réttlætanlegur jafnvel nauðsynlegur. Um leið vakna margvíslegar spurningar um pólitískt ofbeldi af öðru tagi. En hvernig er hægt að ræða ofbeldi frá siðferðilegu sjónarhorni og á hvaða forsendum er hægt að mynda sér almenna skoðun á því?	(ETCI) bls. 237-254 War (plato.stanford.edu)	Paraverkefni , unnið í tíma. Í verkefnatíma er horft á kvikmyndina Standard Operating Procedure (Errol Morris, 2008). Nemandur bregðast við myndinni og skila stuttri hugleiðingu (500 orð) á námsskjá þar sem leitast er við að greina siðferðisspurningar sem myndin veltir upp og leggja drög að svörum við þeim. Skil á námsskjá kl. 13.00
12. vika Próf			